



ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

**FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA
FRÁRENNSLISMÆLINGAR**

2018



Rannsóknþjónustan, Vm. ehf

Apríl 2018

1. Inngangur

Í starfsleyfi fyrir fiskimjöls- og lýsisframleiðslu Ísfélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum (FES) eru sett fram skilyrði fyrir losun mengunarefna í frárennsli. Til þess að leggja mat á það hvort þessum skilyrðum er fullnægt tók Rannsóknþjónustan Vm ehf að sér að gera mælingar á frárennsli og virkni fitugildru verksmiðjunnar.

Hreinsistöðin sem staðsett er í mjöl og lýsisverksmiðjunni er að taka frárennsli frá öllum starfsstöðvum fyrirtækisins, frystihúsi, löndun, kúttun auk mjölversmiðjunnar sjálfrar.

Frárennsli frá mjölverksmiðjunni er tvíþætt:

- Frárennsli frá eigin vinnslu þ.e. mjölverksmiðjunni sjálfri (gólf, plön, hráefnisgeymar ofl.) þegar hún er í vinnslu. Þessi hluti fer í gegnum brunn á bryggju og í almenna fráveitu Vestmannaeyjabæjar.
- Frárennsli frá hreinsivirki, en inn á þar er beint bæði vinnsluvatni mjölverksmiðju, vinnsluvatni frá frystihúsi fyrirtækisins að Strandvegi 102 ásamt öllu löndunarvatni sem ekki er endurnýtt þegar löndun á sér stað. Þessum hluta er dælt frá hreinsivirkinu gegnum sérstaka lögn að útrás fráveitu bæjarins.

2. Sýnataka

Sýni voru tekin handvirkt á þriggja klukkustunda fresti úr frárennslirás og stök sýni við sjóinntak. Magn hvers sýnis úr frárennslirás var um 500 ml. Sýnin voru geymd í kæli við 4°C fram að efnagreiningu, þeim blandað vel saman og nýtt meðalsýni útbúið sem síðan var notað til frekar mælinga. Hlutasýni voru send á viðeigandi rannsóknastofu til mælinga. Upplýsingar um rennsli gegnum hreinsivirkið og vinnslutölur eru fengnar frá verksmiðjunni sjálfri.

3. Mælingar

Magn mengunarefna yfir sólarhring á unnið hráefnistonn

Sýni voru flutt á rannsóknastofu RþV þar sem þau voru forunnin og síðan send rannsóknastofuna Sýni ehf til mælinga.

Tafla 3.1 Magn hráefnis, mengunarefna og losunarmörk yfir sólarhring í frárennsli frá verksmiðjunni skv. starfsleyfi.

		Mælieining	Loðna 17.03.2018
Löndun /24t		tonn	900
Vinnsla /24t		tonn	1050
Rennsli /24t	Frystihús	m ³ /24t	950
	Löndun	m ³ /24t	750
	Kúttun	m ³ /24t	750
	Bræðsla	m ³ /24t	650
	Samtals	m ³ /24t	3.100
Frárennsli frá hreinsivirki	Fita	mg/L/24t	7,6
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	29,7
	COD*	kg/t hráefnis/24t	0,04
Frárennsli frá verksmiðju*	Fita	mg/L/24t	
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	
	COD*	kg/t hráefnis/24t	
Sjór	Fita	mg/L/24t	3
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	54
	COD*	kg/t hráefnis/24t	0,22

*Ekki voru tekin sýni í brunni frá verksmiðju þar sem ekkert rennsli var í honum.